



Upphaf byggðar í Kópavogi

Eldri byggðin í Kópavogi er í landi tveggja hinna fornu lögbýla Kópavogs, Digranesi og Kópavogi, sem þóttu ekki miklar kostajarðir ef marka má Jarðarbókina 1703. Kópavogsjarðirnar tilheyrðu Seltjarnarneshreppi hinum forna sem áður náði yfir Seltjarnarnes, eyjarnar á sundunum, Reykjavík og Kópavogsland. Við þéttbýlismyndunina í Reykjavík rofnuðu tengslin við hreppinn og um leið landfræðileg tengsl Seltjarnarness og Kópavogslands.

Byggðin í Kópavogi þéttist þó ekki fyrr en eftir 1930 en þá hafði búskapur verið aflagður á jörðunum Kópavogi og Digranesi. Árið 1938 var farið að úthluta smábýlum og nýbýlum úr landi beggja jarðanna, að mestu leyti til ræktunar. Er heimstýrjöldin síðari braust út urðu miklar breytingar í atvinnumálum og fólksflutningar jukust mikið til Faxaflóasvæðisins. Þar sem húsnæðisekla var í Reykjavík og lóðir lágu ekki á lausu var farið að líta til óbyggðra svæða í nágrenninu, s.s. í Kópavogi. Mörg fyrstu húsanna í Kópavogi voru byggð sem sumarbústaðir, þó þar yrði síðar heilsársbúseta. Árið 1942 var úthlutað lóðum undir íbúðarhús á sunnanverðu Kársnesi og Digranesi og kom fljótlega dreifð byggð á svæði sem síðar varð aðalkjarni byggðarinnar í Kópavogi. Árið 1945 voru íbúar í Kópavogi 521 og fjölgaði ört. Árið 1946 var Seltjarnarneshreppi hinum forna skipt í tvo hreppa, Seltjarnarneshrepp og Kópavogshrepp. 11. maí 1955 fékk Kópavogur kaupstaðaréttindi og voru íbúar þá orðnir 3.783 talsins.

Trjálundir milli Reynihvamms og Digraneskirkju

Elsti sumarbústaðurinn í Kópavogi mun hafa verið **Lækjarnes** við Fífuhvammsveg, sem Egill Sandholt byggði á árunum 1934-35. Erfðafestulandið var 19 ha að stærð. Húsið, sem var rífið um 1990, stóð þar sem nú er s.k. Leikskólalundur, suðaustan við Digraneskirkju. Í Lækjarnesi hefur verið töluverð garðrækt, því auk trjágróðursins sem nú er mest áberandi sér þar enn votta fyrir landmótun frá fyrri hluta síðustu aldar. Trjátegundir í Lækjarnesi eru flestar algengar. Megin uppistaðan er birki, er þar er einnig reynir, selja, gljávíðir, síberiulerki og sitkagreni. Í Lækjarnesi er og að finna fágætari tré eins og blæösp og gráösp.

Norðvestan Digraneskirkju stendur húsið **Barmahlíð** (Hlíðarvegur 62A). Í manntalinu 1940 bjuggu þar listmálaramir Eggert Guðmundsson og Jón Engilberts ásamt fjölskyldum sínum. Sama ár undirritar Margrét Rasmus erfðafestusamning um landspilduna, sem skráð er 22,8 ha. Trjárækt við Barmahlíð er miklum mun minni en við Lækjarnes, en þar er þó m.a. að finna einn elsta garðahlyn og silfurreyni bæjarins. Aftur á móti hefur verið lögð mikil vinna í að móta land í brekkunni, slétta tún og grjóthreinsa. Grjótinu var hlaðið í skeifur sem gáfu gott skjól, hvort sem er fyrir fólk eða til ræktunar. Þessar skeifur voru all algengar í Kópavogi áður fyrr, en nú eru þær tvær sem eru sunnan Barmahlíðar einar þær heillegustu sem eftir eru.

Vestan Digraneskirkju er að finna eitt fallegasta blómaengi í Kópavogi. Þar hjá er Vinabæjalundur; trjáþyrping sem gróðursett var af fulltrúum vinabæja Kópavogs í tilefni af vinabæjamóti sem haldið var í Kópavogi árið 1994.

Hjónin Bjarni S. Jónsson og Ragnhildur Einarsdóttir byrjuðu árið 1933 að byggja sumar-bústað á landspildu sem nú er við Reynihvamm 43 og skírðu hann **Dvöl**. Fyrst í stað var hann aðeins dvalarstaður að sumrinu og um helgar, en síðar heilsársbústaður. Þau hófust þegar handa við að yrkja jörðina og síðar varð þar einn stærsti og fegursti trjágarður í Kópavogi. Ragnhildur skipulagði garðinn og teiknaði og var unnið markvisst að uppbyggingu hans, en flest trén voru gróðursett á árunum 1935-1950. Megin uppistaða trjáanna í Dvöl er reynir og birki, en þar eru einnig að finna selju, alaskaösp, garðahlyn, þingvíði, silfurreyni, gráreyni, sitkagreni og skógarfuru. Mörg þessara trjáa eru þau stærstu sinnar tegundar í Kópavogi.

Þessir trjálundir bera vitni um störf frumbyggja Kópavogs og setja sterkan svip á umhverfi sitt. Þeir hafa verið verndaðir með s.k. bæjarvernd.